



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

SINFÓNÍAN Á ÍSAFIRÐI

5. SEPTEMBER
2019



VELKOMIN Á TÓNLEIKA SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.

Áætluð tímalengd:

Pétur Gautur: 12'

Hornkonsert: 16'

Píanókonsert: 8'

Úr útsæ risa Íslands fjöll: 3'

Sönglög og aríur: 16'

Sinfónía: 32'

Rás 1 sendir beint úr frá flestum tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Hörpu. Upptökur með Sinfóníuhljómsveit Íslands má finna á YouTube- og Spotify-rásum hljómsveitarinnar. Á Spotify má einnig finna lagalista með allri tónlist starfsársins.



@icelandsymphony / #sinfó



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

Bakhjarl í flutningum

TVG-ZIMSEN

Aðalstyrktaraðili

GAMMA

TÓNLEIKAR Í ÍPRÓTTAHÚSINU TORFNESI

SINFÓNÍAN Á ÍSAFIRÐI

Daníel Bjarnason

hljómveitarstjóri

Stefán Jón Bernharðsson

einleikari

Herdís Anna Jónasdóttir

einsöngvari

Mikolaj Ólafur Frach

einleikari

Hátíðarkór Tónlistarskóla

Ísafjarðar

Beata Joó

kórstjóri

EFNISSKRÁ

Edvard Grieg

Pétur Gautur, úr leikhústónlist op. 23 (1875)

Morgunstemning

Söngur Sólveigar

Í höll Dofrakonungs

Wolfgang Amadeus Mozart

Hornkonsert nr. 3 í Es-dúr, K. 447 (1787)

Allegro

Romanza (Larghetto)

Allegro

Frédéric Chopin

Píanókonsert nr. 2, lokapáttur (1829)

Allegro vivace

Páll Ísólfsson

Úr útsæ rísa Íslands fjöll (1961)

Hlé

Sigfús Einarsson

Draumalandið (1904)

Sigvaldi Kaldalóns

Ave Maria (1925)

Antonín Dvorák

Söngurinn til mánans, úr óperunni Rusalka (1900)

Giacomo Puccini

Quando m'en vo, úr óperunni La bohème (1895)

Jean Sibelius

Sinfónía nr. 5 í Es-dúr op. 82 (1915/1919)

Tempo molto moderato – Allegro moderato

Andante mosso, quasi allegretto

Allegro molto – Largamente assai



DANÍEL BJARNASON

HLJÓMSVEITARSTJÓRI

Daníel Bjarnason stundaði nám við Tónlistarskóla FÍH og Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 2003. Hann stundaði framhaldsnám í hljómveitarstjórn við Tónlistarháskólann í Freiburg í Þýskalandi frá 2004–2007 og lauk þaðan prófi með hæstu einkunn. Daníel hefur unnið með og fengið verk sín flutt af fjölda hljómveita og má þar nefna Sinfóníuhljómveit Íslands, Fílharmóníuhljómveitirnar í Los Angeles og New York, Sinfóníuhljómveitirnar í Toronto, Winnipeg, Melbourne og Adelaide, Sinfóníuhljómveit BBC í Skotlandi, Residentie-hljómveitina, Ulster-hljómveitina, Britten-sinfóníuna og Sinfóníettuna í Kraká. Hann hefur gefið út þrjá hljómdiska hjá plötufyrirtækinu Bedroom Community, *Processions* (2010), *Solaris* (2012) og *Over Light Earth* (2013). Árið 2017 voru frumflutt eftir Daníel tvö stór verk, óperan *Brothers* sem sýnd var á Íslandi á Listahátíð í Reykjavík við mikla hrifningu, og nýr fiðlukonsert sem var pantaður af Fílharmóníuhljómveit Los Angeles og Sinfóníuhljómveit Íslands, og frumfluttur af Pekka Kuusisto og fyrrnefndu sveitinni undir stjórn Gustavos Dudamel í Hollywood Bowl. Nýjasta verk Daníels er samið fyrir Fílharmóníuhljómveit Los Angeles í tilefni af 100 ára afmæli hennar og verður frumflutt á afmælistónleikum hennar í október næstkomandi. Daníel var á árunum 2015–2018 staðarlistamaður Sinfóníuhljómveitar Íslands og tók nú í upphafi þessa starfsárs við stöðu aðalgesta-stjórnanda hljómveitarinnar.



STEFÁN JÓN BERNHARÐSSON

EINLEIKARI

Stefán Jón Bernharðsson er leiðari horndeildar Sinfóníuhljómveitar Íslands. Hann lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1998, þar sem Jósef Ognibene var kennari hans, stundaði síðan nám hjá Fröydísi Ree Wekre við Tónlistarháskólann í Ósló og lauk þaðan prófi 2005. Frá árinu 2000 hefur Stefán Jón verið fastráðinn við Sinfóníuhljómveit Íslands. Hann kemur oft fram sem einleikari með hljómveitum og á hátíðum á Norðurlöndum og hefur hljóðritað einleikskonserterna með Sinfóníuhljómveit Íslands og Kammersveit Reykjavíkur.

Stefán Jón er einn fremsti hornleikari sinnar kynslóðar og fær því reglulega boð um að leika sem gestaleiðari í öðrum hljómsveitum, til dæmis Mahler-kammersveitinni, Fílharmóníuhljómsveitunum í Stokkhólmi og Ósló, Sinfóníuhljómsveitunum í Melbourne og Gautaborg, Þýsku sinfóníuhljómsveitinni í Berlín og Fílharmóníusveit franska útvarpsins í París. Hann hefur unnið fyrstu verðlaun í ConocoPhillips tónlistarkeppninni í Ósló, önnur verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Lieksa í Finnlandi og þriðju verðlaun í alþjóðlegu hornkeppninni Cittá di Porcia á Ítalíu.



HERDÍS ANNA JÓNASDÓTTIR

EINSÖNGVARI

Herdís Anna Jónasdóttir lærði á fiðlu, píanó og söng frá unga aldri við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Meðal kennara hennar voru Janusz Frach, Beáta Joó, Sigríður Ragnarsdóttir, Guðrún Jónsdóttir og Ingunn Ósk Sturludóttir. Að loknu stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Ísafirði fór hún í framhaldsnám við Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Elísabetar Erlingsdóttur. Þaðan útskrifaðist hún með Bachelor gráðu í söng og hélt til Berlínar. Við Hanns-Eisler tónlistarháskólann lærði hún hjá Prof. Brendu Mitchell og Önnu Samuil, en sótti einnig tíma hjá Julíu Varady og Wolfram Rieger. Hún lauk Konzertexamen-prófi árið 2012 með ágætiseinkunn og var þá ráðin að óperustúdíóinu við Óperuna í Zürich. Þar tók hún þátt í ótal sýningum og masterklössum, hjá Michelle Breedt, Brigitte Fassbaender, Francisco Araiza, Fabio Luisi, Ivor Bolton, Andreas Homoki, Dmitri Tcherniakow o.fl.

Herdís var fastráðin við Ríkisleikhúsið í Saarbrücken í Þýskalandi árin 2013-2018 en er núna sjálfstætt starfandi og búsett í Berlín. Meðal helstu hlutverka eru Adina (*Astardrykkurinn*), Adele (*Leðurblakan*), Zerlina (*Don Giovanni*), Drottningin frá Schemacha (*Gullni haninn*), María (*West Side Story*), Eliza (*My Fair Lady*), Nannetta (*Falstaff*) og Oscar (*Grímudansleikur*).

Herdís hefur margsinnis komið fram á tónleikum, s.s. með Kammersveit Reykjavíkur, Saarlensku ríkishljómsveitinni, Sinfóníuhljómsveit Íslands og Sinfóníuhljómsveitinni í Canberra, Ástralíu. Árið 2012 söng hún hlutverk Musettu í *La bohème* með Íslensku óperunni og nú síðast í vetur söng hún Víólettú Valery í *La traviata* í Hörpu, en fyrir það hlaut Herdís Grímuverðlaunin sem Söngvari ársins.



MIKOLAJ ÓLAFUR FRACH

EINLEIKARI

Mikolaj Ólafur Frach fæddist á Ísafirði árið 2000. Hann hóf píanónám hjá móður sinni, Iwonu Frach, sex ára gamall við Tónlistarskóla Ísafjarðar en nú stundar hann nám hjá próf. Janusz Olejniczak við Chopin-tónlistarháskólann í Varsjá. Hann er verðlaunahafi í fjölda tónlistarkeppna, meðal annars hlaut hann fyrstu verðlaun í píanókeppni Íslandsdeildar EPTA árið 2016 og fyrstu verðlaun í F. Chopin-píanókeppninni í Reykjavík 2019, þar sem hann hlaut einnig verðlaun fyrir besta flutning á verki eftir Chopin, og verðlaunahafi á Nordic Piano Competition í Ingesund 2019. Mikolaj hélt sína fyrstu einleikstónleika aðeins tólf ára gamall og hefur síðan komið fram reglulega bæði á Íslandi og í Póllandi. Árið 2017 flutti hann báða píanókonsertra Chopins á tónleikum í Reykjavík og á Ísafirði ásamt strengjasveit frá Kraká.

HÁTÍÐARKÓR TÓNLISTARSKÓLA ÍSAFJARÐAR

Hátíðarkór Tónlistarskóla Ísafjarðar var stofnaður fyrir rúmlega tuttugu árum á fimmtugasta afmælisári skólans. Þá var ráðist í það stórvirki að flytja *Messías* efir Händel ásamt einsöngvurum og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna undir stjórn Ingvars Jónassonar. Sá viðburður var tileinkaður minningu Ragnars H. Ragnar, fyrrum skólastjóra TÍ. Hátíðarkórinn hefur æ síðan komið saman þegar mikið hefur legið við. Hátíðarkórinn hefur flutt kantötur Bachs ásamt hljómsveit og Sálumessu Mozarts ásamt einsöngvurum og Sinfóníuhljómsveit áhugamanna enn undir stjórn Ingvars Jónassonar. Sinfóníuhljómsveit Íslands sótti Ísafjörð heim snemma árs 2005 og þá söng Hátíðarkórinn *Gloriu* eftir Poulenc ásamt einsöngvara undir stjórn Bernhards Wilkinsons. Í mars síðastliðnum voru haldnir Hátíðartónleikar á Ísafirði og Reykjavík í tilefni af 70 ára afmæli Tónlistarskóla Ísafjarðar. Þar lék Hátíðarskórinn stórt hlutverk ásamt einsöngvurum úr röðum nemenda og kennara skólans við undirleik ungværsku kammersveitarinnar Müvak. Kórinn er skipaður söngfólki af norðanverðum Vestfjörðum og hefur Beáta Joó verið stjórnandi kórsins frá upphafi.



EDVARD GRIEG

PÉTUR GAUTUR

Þegar norska skáldið Henrik Ibsen samdi ljóðleikinn *Pétur Gaut* árið 1867 kallaði hann verk sitt „dramatískt ljóð“ og ætlaðist ekki til þess að það yrði nokkru sinni sett á svið. Honum snerist þó hugur fáeinum árum síðar og gerði leikgerð úr ljóðinu sem var tekin til sýninga við Kristjaníu-leikhúsið í Ósló. Sá fyrsti sem fékk að vita af þessum áformum skáldsins var Edvard Grieg (1843–1907), sem þá hafði fest sig í sessi sem mesta tónskáld Norðmanna, og hann samdi viðamikla tónlist við uppfærsluna sem nýtur vinsælda um allan heim enn þann dag í dag.

Ibsen sjálfur var hæstánægður með tónlist Griegs og fannst hún „gera pilluna svo sæta að almenningur gat gleypst hana.“ Ekki hafa þó allir verið á sömu skoðun gegnum tíðina. Einn mesti ævisöguritari Ibsens á enskri tungu, Michael Meyer, kvartar yfir því að tónlistin breyti dramatísku leikritinu í „sykursætt Andersen-ævintýri,“ og skáldið Thor Vilhjálmsson ritaði eftir leiksigur Gunnars Eyjólfssonar í aðalhlutverkinu árið 1963 að tónlist Griegs ætti alls ekki við verkið: „Það er svívirðileg fölsun að gera Pétur Gaut að rómantísku þjóðlífsmyndabrári. Verkið er reiðilestur, beisk og grimm ádeila sem á ekkert skylt við hina hugljúfu saklausu skemmtandi tónlist.“

Enginn skyldi þó láta slík orð hindra það að njóta hinnar dásamlegu tónlistar sem Grieg samdi við *Pétur Gaut*. Hin ljúfa *Morgunstemning* er eitt frægasta hljómsveitarverk Griegs. Söngur hinnar langmæddu Sólveigar hefur norskan þjóðlagablæ þar sem hún bíður þess að Pétur snúi aftur heim. Tónlistin sem hljómar í höll Dofrakonungs, þar sem Pétur er kominn til að kvænast dóttur hans, vex úr saklausum fagotttónum í trylltan trölladans.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Leikfélag Reykjavíkur og

Tónlistarfélagið færðu upp leikrit Ibsens með hljómsveitartónlist Griegs árið 1944. Victor Urbancic stýrði tónlistinni og naut sýningin mikilla vinsælda. Tónlist Griegs hefur síðan komið oft við sögu á efnisskrám Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Olav Kielland stjórnaði köflum úr verkinu í Þjóðleikhúsinu árið 1954, Páll Ísólfsson í tónleikaferð um Norður- og Austurland árið 1957, og Marteinn H. Friðriksson í Vestmannaeyjum 1966. Alfred Walter stjórnaði þáttum úr hljómsveitarsvítum Griegs árið 1969, og hið sama gerðu Páll P. Pálsson (1975) og Justin Brown (2003). Hljómsveitin flutti stóran hluta leikhústónlistarinnar við framsögn Gunnars Eyjólfssonar haustið 2007 og þá hélt Petri Sakari um sprotann.



WOLFGANG AMADEUS MOZART

HORNKONSERT NR. 3

Wolfgang Amadeus Mozart (1756–1791) samdi tugi einleikskonserta fyrir hin ýmsu hljóðfæri: fiðlu, píanó, horn, flautu, óbó, fagott. Þeirra á meðal eru fjórir hornkonsertar sem Mozart samdi fyrir vin sinn Joseph Leutgeb, sem lék í hirðhljómsveitinni í Salzburg á æskuárum tónskáldsins. Leutgeb var einn færasti hornsnillingur sinnar tíðar en virðist líka hafa haft kímigáfu sem Mozart féll vel í geð, því að í nóturnar skrifaði tónskáldið ýmsa brandara og orðsendingar sem áttu að skemmta vini hans.

Það hefur ávallt verið vandasamt að leika á franskt horn, en þó var það öllu áhættusamara áður en svokallaðir ventlar komu til sögunnar um 1820. Áður var það úrval tóna sem hljóðfærið bauð upp á allmiklu þrengra og takmarkaðist af því sem kallað er yfirtónaröðin. Þrátt fyrir þessar takmarkanir sýnir Mozart sínar bestu hliðar í konsertum sínum fyrir hljóðfærið. Konsertinn nr. 3 í Es-dúr er léttur og leikandi, með ljóðræna rómönsu um miðbikið. Verkinu lýkur með hressilegum þætti sem minnir á annað hlutverk hornleikara fyrr á öldum, að leika á veiðihorn úti í guðsgrænni náttúrunni.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Danski hornsnillingurinn Wilhelm Lanzky-Otto varð líklega fyrstur til að leika hornkonsert nr. 3 eftir Mozart á Íslandi, í Gamla bíói í febrúar 1946, þó aðeins með píanóleik sem Victor Urbancic innti af hendi. Sonur Wilhelms, Ib Lanzky-Otto, lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Róberts A. Ottóssonar árið 1970. Emil Friðfinnsson lék konsertinn árið 1987 og Hermann Baumann árið 1991. Þorkell Jólsson lék konsertinn með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna árið 1995.



FRÉDÉRIC CHOPIN

PÍANÓKONSERT NR. 2, LOKAÞÁTTUR

Eins og flest tónskáld „rómantísku kynslóðarinnar“ sem haslaði sér völlu skömmu eftir andlát Beethovens var Frédéric Chopin (1810–1849) meistari hinna smáu forma. Píanóið reyndist hinn fullkomni miðill fyrir músíkalskt skynbragð hans, og tekjur hans af kennslu og píanóleik í söllum hefðarfólks í París voru slíkar að hann hafði enga þörf – og enn síður löngun – til að troða upp opinberlega með konsertum og öðrum verkum sem næðu til stærri áheyrendahóps. Chopin samdi hvorki óperur né sinfóníur, engin kórverk eða sinfónísk ljóð og aðeins eitt fullburða kammerverk. Píanókonsertarnir tveir eru báðir æskuverk, samdir þegar hann stóð á tvítugu, og fátíð dæmi um glímu hans við stærri form.

Hvað tónlistina sjálfa varðar má með nokkrum rétti halda því fram að Chopin taki smærri form sem honum voru hugstæð og víkki þau út á ýmsa vegu. Lokaþáttur konsertsins, sem hljómar á tónleikum kvöldsins, er rondó og hvað tónlistina snertir sækir

Chopin innblástur í pólska þjóðdansa, kujawiak og mazurek. Hér er slegið á léttari strengi og hver danskaflinn tekur við af öðrum með viðeigandi virtúósaskrauti og glæsihlaupum.

PÁLL ÍSÓLFSSON

ÚR ÚTSÆRÍSA ÍSLANDS FJÖLL



Í október 1961 var efnt til hátíðahalda í tilefni þess að hálf öld var liðin frá stofnun Háskóla Íslands. Einn helsti viðburður Háskólahátíðarinnar var að flutt var ný kantata eftir Pál Ísólffson, og fór flutningurinn fram „í hinna nýju kvikmynda- og tónlistarhöll Háskólans á Melunum“ eins og það var orðað í dagblöðum, enda var í raun einnig um vígsluhátíð Háskólabíós að ræða. Davíð Stefánsson hafði unnið samkeppni um Háskólaljóð sumarið 1961 og Páll mátti hafa hraðar hendur til að tónverkið yrði fullbúið í tæka tíð. Sinfóníuhljómsveit Íslands og blandaður kór flutti hina nýju Háskólakantötu undir stjórn tónskáldsins, og er Úr útsærisa Íslands fjöll eini þáttur verksins sem hefur notið almennrar hylli. Fyrstu árin var lagið svo að segja eingöngu á söngskrá Stúdentakórsins svonefnda sem starfaði undir stjórn Jóns Þórarinssonar og síðar Atla Heimis Sveinssonar. Upp úr 1970 fór það þó að sjást oftar á efnisskrám annarra kóra og hefur fyrir löngu unnið sér fastan sess í hugum Íslendinga.

SÖNGLÖG OG ARIUR

Sönglagið fyrir einsöngsrödd með píanómeðleik var merkur þáttur í íslenskri tónlistarsögu á 20. öld. Í byrjun var það farvegur fyrir einfalda og auðsungna tónlist, að mestu til brúks í heimahúsum þótt mörg þeirra rötudu einnig á tónleikapall. Oft voru höfundar laganna tónskáld sem höfðu átt takmarkað færi á því að læra sitt fag. Eitt af því sem knúði áfram íslenska sönglagagerð var sú sannfæring að best færi að klæða ljóð íslenskra skálda í heimgærðan búning í stað þess að hafa við þau erlend lög eins og tíðkaðist á árunum fyrir aldamót.



Sigfús Einarsson (1877–1939) stundaði tónlistarnám í Kaupmannahöfn og fluttist heim árið 1906 ásamt eiginkonu sinni, söngkonunni Valborgu Hellemann. Hann var ekki sérlega afkastamikill tónskáld en sönglög hans hittu þjóðina í hjartastað, ekki síst *Draumalandið*. Lagið varð strax afar vinsælt enda áttu lofsöngvar til ættjarðarinnar greiða leið að hjörtum fólks meðan sjálfstæðisbaráttan var í hámarki. Ónefndur

gagnrýnandi sagði eftir tónleika þeirra hjóna á Ísafirði sumarið 1906: „Almenningi geðjast betur að, að vísurnar séu íslenskar og lögin líka; menn njóta þess betur, skilja það betur og það snertir enn viðkvæmar hina finu strengi en það sem er útlent og því ekki runnið frá hjartarótum þjóðarinnar.“



Sigvaldi Kaldalóns (1881–1946) stundaði tónsmíðar meðfram læknisstörfum, lengst af við Ísafjarðardjúp og í Grindavík. Meðal laga hans eru nokkur ástsælustu laga þjóðarinnar: Ísland ögrum skorið, *Nóttin var sú ágæt ein*, Á Sprengisandi og þannig mætti lengi telja. *Ave Maria* var upphaflega samið til flutnings í leikritinu *Dansinn í Hrúna* eftir Indriða Einarsson. Leikfélag Reykjavíkur frumsýndi leikritið á annan í jólum 1925 og í einu dagblaði var fullyrt að það yrði „almanamál að lokasöngurinn, *Ave Maria* undir lagi Sigvalda Kaldalóns, sé einna áhrifamest af því sem hér hefir heyrst á leiksviði.“ Efni leikritsins er spunnið úr galdra- og djöflatrú 16. aldar og baráttu um sálir þeirra sem hafa selt sig myrkrahöfðingjanum. Í lokaatriðinu á sér stað ógurlegt uppgjör við kölska sjálfan. Kirkjan hrynur og sekkur í jörð, en þessi himneski sálmur hljómar áður en tjaldið fellur.



Hvað gerir vatnadsís sem verður ástfangin af dauðlegum prinsí sem er á veiðum í kringum vatnið hennar? Þetta er lykilspurning í óperunni *Rusölku* eftir tékkneska tónskáldið **Antonín Dvořák** (1841–1904). Þegar óperan var frumsýnd árið 1901 var hugmyndin um tékkóslavneskt þjóðríki að ná flugi og margir þráðu frelsi undan yfirráðum Habsborgarveldisins. Í verkinu leynast fjölmargar vísanir í frelsisþrána, enda er Rusalka föst í álagahlekkjum sem hún þarf að brjóta af sér til að ná ástum dauðlegs manns. Í upphafi óperunnar trúir hún mánanum fyrir ást sinni og biður fyrir kveðju til síns heittelskaða.



Giacomo Puccini (1858–1924) bar glöggt skynbragð á tilfinningaþrungin augnablik á leiksviðinu og velgengni hans átti sér enga hliðstæðu meðal óperuskálda um aldamótin 1900. Enn þann dag í dag eru að minnsta kosti sjö óperur hans meðal þeirra vinsælustu sem færðar eru á svið í heiminum. Óperan *La bohème* (Bóhemalíf, 1896) er að nokkru leyti í anda raunsæisstefnu (*verismo*) sem önnur ítölsk óperuskáld höfðu markað fáeinum árum fyrir. Sögusviðið er Latínuhverfi Parísar á dögum tónskáldsins. Arián *Quando m'en vo* hljómar í 2. þætti óperunnar, þegar hin unga Musette reynir að fá fyrrum kærasta sinn aftur til fylgilags við sig með því að syngja undurfagurt lag.



JEAN SIBELIUS

SINFÓNÍA NR. 5

Finnnska tónskáldið Jean Sibelius (1865–1957) var eitt mesta símfóníuskáld heimsins á fyrstu áratugum síðustu aldar. Símfónía hans nr. 5 er ein sú frægasta sem hann samdi og er enn ein af mest fluttu símfóníum 20. aldar. Hugmyndin að verkinu kveiknaði að lokinni tónleikaferð um Bandaríkin í júní 1914. Um þetta leyti tók Sibelius að endurskoða stöðu sína sem tónskáld í heimi hinnar nýju og ómstríðu nútímatónlistar sem þá hafði hafið innreið sína í heim tónlistarinnar. Hann hafði um árabíl verið í hópi evrópskra „nútímatónskálda“, en þegar hann dvaldist í Berlín í janúar 1914 heyrði hann nýjustu verk Schönbergs og sannfærðist um að hann ætti ekki lengur samleið með hinni framsæknu tónlist sem afneitaði tóntegundum og hinu aldagamla dúr/moll-kerfi. Vera má að endurskoðun Sibeliusar á eigin tónsmíðastefnu hafi átt sinn þátt í því að smíði símfóníunnar gekk hægt. Það sem kveikti í ímyndunarafli hans var ekki síst upplifun sem hann varð fyrir í apríl 1915 og lýsti svo í dagbók sinni: „Skömmu fyrir klukkan ellefu sá ég sextán svani á flugi. Ein stórfenglegasta upplifun ævi minnar. Drottinn minn, hvílík fegurð: þeir hringsóluðu yfir mér um langa hríð. Hurfu síðan burt í sólskininu eins og glitrandi silfurborði. Leynardómur náttúrunnar og depurð lífsins! Lokastef fimmtu símfóníunnar!“ Frá og með þessum degi hefur eitt eftirminnilegasta stef símfóníunnar – hornstefið mikilfenglega sem tekur smám saman völdin í lokaþættinum – ævinlega verið tengt svanafluginu sem Sibelius sá þennan dag.

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sí hefur níu sinnum áður flutt fimmtu símfóníu Sibeliusar á tónleikum. Stjórnendur voru þeir Páll P. Pálsson (1969 og 1986), Uri Segal (1970), Karsten Andersen (1972), Hafliði Hallgrímsson (1987), Petri Sakari (1997 og aftur 2008), Rumon Gamba (2003) og Ilan Volkov (2014). Hljóðritun hljómsveitarinnar á verkinu kom út hjá Naxos-forlaginu árið 2000, og þar er Petri Sakari við stjórnvöllinn.

Símfónían er í þremur þáttum. Tónlistin er ýmist ljóðræn eða dramatísk, og ein helsta einkenni hennar er hve Sibelius fer fyrirhafnarlaust úr einni gerð tónlistar í aðra. Sá fyrsti hefst hendingum tréblásara sem kannski eru endurminning um fuglasöng, en stundum skiptir hann yfir í léttan og fjaðrandi dans, eða byggir stórfenglega hápunkta þar sem málmblásarar og pákur bætast við. Annar þáttur hefst á eins konar sálmalagi en síðan hljóma nokkur tilbrigði þar sem Sibelius breytir stefinu á ýmsa vegu og er áhugavert að heyrja hvernig unnt er að útfæra sömu tónhugmynd með ólíkum hætti. Lokaþátturinn hefst á iðandi strengjalínunum sem flögna um víðan völl. Þær staðnæmast ekki fyrr en hornin leika kraftmikla hendingu sem ýmsir vilja meina að eigi að tákna svani á flugi. Þetta er hápunkturinn sem verkið stefnir að, með völdugum tónum blásara og þykkum strengahljómi. Lokatakarnir, sex þrumusterk högg sem leikin eru af allri hljómsveitinni, eru eins afgerandi og hugsast getur.

Árni Heimir Ingólfsson

FÖS. 6. SEPT KL. 10:00
FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR Á ÍSAFIRÐI

ASTRID LINDGREN- FJÖLSKYLDUTÓNLEIKAR

Á fjölskyldu- og skólatónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands á Ísafirði verður flutt úrval tónlistar úr leikritum, leikgerðum og kvikmyndum sem byggjast á ævintýrum Astridar Lindgren. Tónlist úr Línu langsokk, Emil í Kattholti, Bróður mínum Ljónshjarta og Á Saltkráku hljómar á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar í einstökum útsetningum Jóhanns G. Jóhannssonar. Gáskafull tónlistin með grípandi laglínunum undirstrikar vel kenjar og óknytti sögupersónanna en einnig er að finna hrífandi og hugljúfa tónlist sem fangar vináttu og væntumþykju betur en nokkur orð.

Söngvarararnir og sögumennirnir Pétur Ernir og Þórunn Arna bregða sér í hlutverk ýmissa sögupersóna ásamt Sinfóníuhljómsveitinni og barnakórum úr heimabyggð. Líf og fjör mun einkenna þessa tónleika þar sem uppeldissjónarmið fullorðinna eru teygð og toguð og hugmyndir æskunnar um lífið og tilveruna fá að njóta sín til fulls. Hljómsveitarstjóri er Daníel Bjarnason, aðalgestastjórnandi Sinfóníuhljómsveitarinnar.

Aðgangur er **ókeypis** á tónleikana og allir velkomnir.



Á DÖFINNI



FM 12 SEP 19:30

UPPHAFSTÓNLEIKAR – RAVEL OG SIBELIUS

Á fyrstu áskriftartónleikum starfsársins hljómar glæsileg efnisskrá með franskri og norrænni tónlist. Þessi efnisskrá verður svo tekin aftur upp í febrúar 2020, en þá heldur Sinfóníuhljómsveit Íslands í tónleikaferð til Bretlands. Franski píanónillingurinn Jean-Efflam Bavouzet leikur píanókoncert Ravel's fyrir vinstri hönd en á tónleikunum hljóma auk konsertsins *Aeriality* eftir Önnu Þorvaldsdóttur og fyrsta símfónía Sibeliusar ásamt *L'Arlésienne*-svítu Bizets. Fyrrum aðalhljómsveitarstjóri hljómsveitarinnar Yan Pascal Tortelier heldur um tónsprotann.



FM 19 SEP 19:30

DEBUSSY OG PROKOFÍEV

Á þessum tónleikum hljóma tvö lykilverk 20. aldar en einnig nýleg verðlaunatónsmíð sem farið hefur sigurför um heiminn. Sergej Prokofiev samdi fimmtu símfóníu sína á aðeins einum mánuði sumarið 1944. Þetta er kraftmikil og glæsileg tónsmíð og hefur lengi verið meðal hans vinsælustu verka. Tímamótaverkið *Síðdegi skógarpúkans* eftir Debussy er litríkt verk, innblásið af ljóði um drauma og langanir skógarpúka í síðdegissvækj. Hin bandaríska Jennifer Higdon er meðal fremstu tónskálda Bandaríkjanna. Hún hlaut hin virtu Pulitzer-verðlaun árið 2010 fyrir fiðlukonsert sinn, sem leikinn er af Benjamin Beilman undir stjórn Rodericks Cox.



SUN 22 SEP 17:00

10 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKAR UNGSVEITAR SÍ ÓÐURINN TIL GLEÐINNAR

Ungsveit Sinfóníuhljómsveitar Íslands hélt sína fyrstu tónleika haustið 2009 og hefur síðan verið meðal máttarstólpa hljómsveitarstarfs fyrir ungt tónlistarfólk hér á landi. Á hverju ári hafa tæplega hundrað ungmenni úr tónlistarskólum landsins safnast saman undir merkjum Ungsveitarinnar og náð undra-verðum árangri. Ungsveit SÍ var valin Bjartasta vonin á Íslensku tónlistarverðlaununum 2017. Í tilefni af tíu ára afmæli Ungsveitarinnar verður efnt til glæsilegra hátíðartónleika þar sem Níunda símfónía Beethovens verður flutt með úrvalslíði ungra einsöngvara og æskukóra. Það verður mikilfengleg sjón að sjá yfir 200 íslensk ungmenni taka höndum saman um að flytja þetta magnaða verk og ekki síst lokaþáttinn, sjálfan *Óðinn til gleðinnar*. Hljómsveitarstjóri er Daniel Raiskin.



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS

5. SEPTEMBER 2019

1. FIÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Nicola Lolli
Una Sveinbjarnardóttir
Zbigniew Dubik
Bryndís Pálsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Pálína Árnadóttir
Margrét Kristjánsdóttir
Andrzej Kleina
Laufey Jensdóttir
Laura Liu
Rósa Hrund Guðmundsdóttir

2. FIÐLA

Benedikte Damgaard
Greta Guðnadóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Júliana Elín Kjartansdóttir
Ólöf Þorvarðsdóttir
Gróa Margrét Valdimarsdóttir
Þórdís Stross
Sigurlaug Eðvaldsdóttir
Christian Diethard

VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir
Gregory Aronovich
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Hrund Harðardóttir
Łucja Koczot
Herdís Anna Jónsdóttir
Eyjólfur Bjarni Alfreðsson
Kathryn Harrison

SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson
Steiney Sigurðardóttir
Hrafnkell Orri Egilsson
Guðný Jónasdóttir
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir

BASSI

Xun Yang
Hávarður Tryggvason
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Alena Walentin
Magnea Árnadóttir
Martial Nardeau
Julia Hantschel
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARÍNETT

Arngunnur Árnadóttir
Grímur Helgason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Bryndís Þórsdóttir
Brjánn Ingason

HORN

Stefán Jón Bernharðsson
Asbjørn Bruun
Emil Friðfinnsson
Frank Hammarin
Joseph Ognibene

TROMPET

Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Sigurður Þorbergsson
Oddur Björnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron

HARPA

Katie Buckley

PÁKUR

Soraya Nayyar

SLAGVERK

Steef van Oosterhout
Frank Aarnink

Vladimir Ashkenazy *aðalheiðursstjórnandi*
Osma Vänskä *heiðursstjórnandi*
Daniel Bjarnason *aðalgestastjórnandi*
Bjarni Frimann Bjarnason *aðstoðarhljómsveitarstjóri*
Anna Þorvaldsdóttir *staðartónskáld*
Eva Ollikainen *aðalhljómsveitarstjóri frá hausti 2020*

Lára Sóley Jóhannsdóttir *framkvæmdastjóri*
Árni Heimir Ingólfsson *listrænn ráðgjafi*
Hrafnhildur L. Steinarsdóttir *fjármálafulltrúi*
Sigþór J. Guðmundsson *sviðsstjóri*

Anna Sigurbjörnsdóttir *tónleikastjóri*
Hjördís Ástráðsdóttir *fræðslustjóri*
Kristbjörg Clausen *nótna- og skjalavörður*
Larissa Weidler *umsjónarmaður nótna*

Margrét Ragnarsdóttir *markaðs- og kynningarstjóri*
Jökull Torfason *markaðsfulltrúi*
Una Eyþórsdóttir *mannauðsstjóri*
Júliana Aradóttir *fulltrúi*




SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

ÁSKRIFT AÐ SNILLD

2019/2020

Dagskrá Sinfóníuhljómsveitar Íslands á nýju starfsári er afar fjölbreytt og spennandi. Boðið er upp á ólíkar tónleikaraðir í áskrift en einnig er hægt að velja ferna eða fleiri tónleika af öllum tónleikum vetrarins á Regnbogakort.

Áskrift er besta leiðin til þess að tryggja sér öruggt sæti og gott verð.



@icelandsymphony / #sinfó

SALA ÁSKRIFTARKORTA
Í MIDASÖLU HÖRPU OG Á SINFONIA.IS

Aðalstyrktaraðili :

GAMMA

Miðasala í Hörpu / sinfonia.is / harpa.is / 528 50 50